

Elías Jónatansson



Frá árinu 2016 hef ég gengt starfi forstjóra hjá Orkubúi Vestfjarða, en var bæjarstjóri í Bolungarvík næstu átta árin þar á undan.

Ég útskrifaðist 1983 með próf í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands, en fór síðan til náms í Bandaríkjunum og útskrifaðist með MSc próf í iðnaðarverkfræði frá Oregon State University.

Ég var formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur þegar tekin var ákvörðun um að sameina sjóðinn Frjálsa lífeyrissjóðnum árið 2006, en tók fyrst sæti í stjórn Frjálsa árið 2007 og hef átt sæti í stjórn síðan þá.

Mikilvægustu verkefni stjórnar

Ég hef mikinn áhuga á að vinna áfram að eflingu sjóðsins með fjölbreyttri, árangursríkri en samt varfærinni fjárfestingarstefnu fjárfestingarleiða hans.

Ég tel að frelsi sjóðfélaga til að hafa raunverulegt val um ávöxtunarleiðir sé einn mikilvægasti eiginleiki Frjálsa lífeyrissjóðsins. Sjóðfélagar geta þannig ákveðið hversu mikla áhættu þeir vilja taka varðandi fjárfestingar og valið leið í samræmi við það. Auk þess hafa sjóðfélagar frelsi til að ákveða hversu stór hluti skyldusparnaðar þeirra rennur í séreign.

Það er þekkt staðreynd að vænt ávöxtun vex jafnan með aukinni áhættu. Að sama skapi á að vera hægt að treysta því að minni sveiflur verði í ávöxtun þeirra fjárfestingaleiða sem byggja á minni áhættu. Litlar sveiflur verða sérstaklega mikilvægar þegar sjóðfélagi nálgast lífeyristökualdur að ekki sé talað um sjóðfélaga sem þegar eru komnir á lífeyri. Fjárfestingarstefna áhættuminnstu leiðanna er því þannig samsett að líkur á að grípa þurfi til skerðingar réttinda eru hverfandi.

Það er mikilvægt að sjóðfélagar séu vel meðvitaðir um þetta samspil áhættu og væntrar ávöxtunar og taki sínar ákvarðanir út frá þeirri vitneskju. Það kemur oft fyrir að borin er saman ársávöxtun lífeyrissjóða án þess að tekið sé tillit til mismunandi áherslu í fjárfestingarstefnu þeirra og tilsvarende áhættu. Slíkur samanburður yfir stutt tímabil getur verið beinlínis villandi, enda er fjárfesting sjóðfélaga í framtíðar lífeyri langtímafjárfesting. Frjálsi lífeyrissjóðurinn býður einnig upp á ævilínu sem færir sjóðfélaga úr áhættumeiri leiðum í áhættuminni leiðir sjálfkrafa þegar þeir eldast.

Mikilvægasta verkefni stjórnar hverju sinni er án efa að setja saman fjárfestingarstefnu fyrir mismunandi leiðir sem taka tillit til ólíkra viðhorfa sjóðfélaga til áhættu, en stefnan er leiðarljós eignastýringarinnar. Í tilfelli Frjálsa lífeyrissjóðsins reynir einnig á eftirlitshlutverk stjórnar með störfum rekstraraðila fyrir sjóðinn.

Rekstrarfyrirkomulag sjóðsins

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur frá upphafi útvistað starfsemi sinni til eins rekstraraðila hverju sinni. Það fyrirkomulag hefur að mínu mati gengið vel, en fyrirkomulagið krefst þess jafnframt að stjórn sýni rekstraraðila gott aðhald.

Góður árangur hefur náðst á undanförunum árum í hlutfallslegri lækkun rekstrarkostnaðar í gegnum reglulega endurnýjun á rekstrarsamningi. Gott samstarf hefur verið á milli rekstraraðila og sjóðsins varðandi bætta þjónustu við sjóðfélaga og má þar sérstaklega nefna rafræna þjónustu í gegnum snjalltæki og vef. Viðbrögð sjóðfélaga hafa sýnt að þar er sjóðurinn á réttri leið.